



**33. fundur Heimastjórnar Djúpavogs
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Djúpavogi, fimmtudaginn 5. janúar 2023
og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Guðný Lára Guðrúnardóttir formaður, Ingi Ragnarsson aðalmaður, Oddný Anna Björnsdóttir aðalmaður og Gauti Jóhannesson fulltrúi sveitarstjóra.

Fundargerð ritaði: Gauti Jóhannesson, fulltrúi sveitarstjóra

Í upphafi fundar var borin upp tillaga um að bæta liðum 5 og 6 við dagskrá fundarins og var það samþykkt samhljóða. Guðný Lára Guðrúnardóttir tók þátt í fundinum með fjarfundabúnaði.

Dagskrá:

1. 202212155 - Eimskip á Djúpavogi

Davíð Þór Sigurðsson svæðisstjóri Eimskips á Austurlandi gerði grein fyrir starfsemi fyrirtækisins á svæðinu og svaraði spurningum. Heimastjórn fagnar því frumkvæði sem fyrirtækið sýnir með heimsókninni og þakkar svæðisstjóranum greinargóða yfirferð.

Gestir

Davíð Þór Sigurðsson - 10:00

2. 202210141 - Húsnæðisáætlun Múlapings, endurskoðun fyrir 2023

Frestað

3. 202203219 - Cittaslow

Fundargerð 1. fundar samráðshóps um Cittaslow á Djúpavogi lögð fram til kynningar.

Heimastjórn fagnar því að samráðshópurinn hefur tekið til starfa og hlakkar til samstarfs við hann í framtíðinni.

Samþykkt samhljóða

4. 202101060 - Starfsemi á Teigarhorni

Á fundi heimastjórnar 8. desember 2022 var starfsmanni falið að vinna að uppfærslu og endurnýjun á samningi um umsjón og rekstur fólkvangsins á Teigarhorni. Fyrir fundinum liggja drög að uppfærðum samningi. Heimastjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög.

Samþykkt samhljóða



5. 202201048 - Verkefni heimastjórna

Fyrir fundinum liggja hugmyndir um framtíðarstefnumótun og aðgerðaáætlun vegna yfirstandandi árs.

Heimastjórn á Djúpavogi er sammála um að hefja vinnu við stefnumótun til lengri tíma og sérstaka aðgerðaáætlun vegna 2023 á svæðinu og stefnir að staðfestingu á hvoru tveggja á næsta fundi heimastjórnar í febrúar.

Samþykkt samhljóða

6. 201602103 - Þjóðvegur 1 í Skriðdal og vegur um Öxi.

Í ljósi nýjustu fregna harmar heimastjórn áætlaða frestun Axarvegur sem Vegagerðin hefur boðað og leggur áherslu á að umræðu og vinnu við Axarveg verði haldið áfram af krafti þar sem hönnun er á lokametrunum.

7. 202209244 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi

Snjómokstur innanbæjar og til sveita: Kort vegna vetrarþjónustu gatna á Djúpavogi er nú aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins. Unnið er að sambærilegu korti varðandi göngustíga. Einnig er unnið að kortlagningu og samræmingu á vetrarþjónustu til sveita í Múlaþingi sem vonast er til að ljúki fljótlega.

Heimsókn umhverfisfulltrúa: Gert er ráð fyrir að Margrét Ólöf Sveinsdóttir verkefnastjóri umhverfismála verði gestur á næsta fundi heimastjórnar. Þar mun hún fara yfir og kynna starfssvið sitt og svara spurningum.

Ljósleiðari og þriggja fasa rafmagn: Áfram er unnið að ljósleiðaramálum og þriggjafasa rafmagni í dreifbýlinu. Sveitarstjóri mun funda með yfirstjórn Rarik vegna þess mjög fljótlega.

Eyjaland: Ekki náðist að hefja framkvæmdir við Eyjaland fyrir áramótin. Stefnt er að því að hefjast handa þegar aðstæður leyfa.

Verndarsvæði í byggð: Stefnt er að því að boða til opins fundar á Djúpavogi um verndarsvæði í byggð í febrúar.

Starfsmannamál: Nökkvi Fannar Sigrúnarson hefur verið ráðinn verkstjóri í þjónustumiðstöðinni á Djúpavogi. Hann hefur störf um miðjan febrúar.

Snorrásjóður: Úthlutað hefur verið úr Snorrásjóð. Davíð Örn Sigurðarson hlaut námsstyrkinn að þessu sinni en hann stundar nám í rafvirkjun við Fjölbrotarskólann í Breiðholti.

Axarvegur: Stefnt er að því að fulltrúi heimastjórnar eigi fund með yfirstjórn Vegagerðarinnar og sveitarstjóra Múlaþings fljótlega þar sem farið verður yfir m.a. vetrarþjónustu og stöðu mála varðandi framkvæmdir á heilsársvegi yfir Öxi.

Salernismál: Þessa dagana er unnið að undirbúningi vegna salernisaðstöðu í Sætúni. Einnig er unnið að lausn á salernismálum í og við Kjörbúðina í samstarfi við Samkaup.



Faktorshúsið: Auglýst verður eftir samstarfsaðilum vegna uppbyggingar hússins fljótlega.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30

